

Náin kynni – nýtt líf

Þýðingar milli náskyldra tungumála

Er við hæfi að þýða milli færeysku og íslensku? Eru málin ekki of náskyld fyrir svo náin kynni? Frá fornu fari hefur umfjöllun um þýðingar beinst að óskyldum tungumálum og glímunni við ólíka setningaskipan og ólík merkingarsvið orða. En þegar þýtt er milli færeysku og íslensku, tveggja tungumála sem öldur Atlantshafsins hafa lít meгнаð að stúa í sundur, er viðbúið að umfjöllunin verði önnur. Í þessari grein mun ég skoða þýðingar Stefáns Karlssonar og Þorgeirs Þorgeirsonar á ljóðum Christians Matras, og spyrja hvort við getum dregið einhverjar þýðingafraeðilegar ályktanir af ljóðabýðingum milli þessara náskyldu tungumála.

Einhvern tíma fyrir mjög mörgum árum flutti ég fyrirlestur á Rask-ráðstefnu í Reykjavík um þýðingar Þorgeirs á ljóðum Matras. Þegar ég lauk við að lesa upp erindi mitt kom gamalkunn rödd úr sal, rödd sem hefði átt að vera meðal okkar í dag, rödd Stefáns Karlssonar, hæversk en flugbeitt sem nýbrýndur ljár: „Pétur, er þetta ekki svolítið óheppilegt viðfangsefni fyrir þýðingafraeðilega athugun, í ljósi þess hve þessi tvö mál eru lík?“ – Það kom hik á mig, þessi ósköp eðlilega spurning kom mér gjörsamlega í opna skjöldu, og í reynd hef ég verið að reyna að svara henni allar götur síðan. Hér kemur enn ein tilraunin, og ég vona að Stefán sé að hlusta.

Ég vissi ekki þá að Stefán hefði nefnilega sjálfur þýtt þennan ljóðabálk Christians og hafði ýmislegt út á þýðingu Þorgeirs að setja. Stefán gaf aldrei út þýðingu sína, honum hefur e.t.v. fundist þýðingarferlið of lítilmótlegt, eða jafnvel einhvern veginn óviðeigandi að koma þessum kjarnyrtu perlum Christians Matras yfir á íslensku.

Þýðingar Þorgeirs eru aftur á móti ekki hæverskar, þær eru fullar af Þorgeiri, það kemur sterkur íslenskur keimur í kvæðin. En það þarf ekki að vera verra: það rof milli tungumála sem birtist í þessu ferli bregður miskunnarlausu ljósi

á sjálfan snertiflötinn á milli þjóðanna tveggja, og fyrir Þorgeiri vakti ekki að draga úr eða að fela þetta rof.


Rekja má hina evrópsku þýðingarhefð aftur til þess tíma er bókmenntaleg samskipti hófust milli grísku, hebresku og latínu. Á svipuðum tíma og þýðingar úr grísku fóru á birtast á latínu tóku gyðingar að þýða sínar heilögu bækur á grísku. Þessi tungumál eru mjög ólík: gríska og latína eru fulltrúar ólíkra greina indo-evrópskunnar, en hebreska er alls óskilt semískt mál.

Þessi þrjú tungumál voru lengi vel einu stöðluðu rituðu tungumálin í Evrópu, þau einu sem höfðu skráðar stafsetningar- og málfræðireglur, einu tungumálin sem hægt væri að gera villur í. Seinna kom arabíska einnig til skjalanna, annað semískt tungumál. Þessa innbyrðis óskyldleika gætir einnig meðal helstu bókmennta- og samskiptatungumála nútímans, og hefur mótað afstöðu okkar til þýðinga frá upphafi. Angi af þessari afstöðu birtist í hugtakinu „orðrétt þýðing“, *translatio verbi pro verbo*, sem kemur fyrir hjá Cicero, Hóراسي, Hieronymusi, og fleirum, og merkir hráa og ófullnægjandi þýðingu. Í dag tölum við gjarnan um „bókstafsþýðingu“, *translatio literalis*. Þessi hugtök eru þó vel að merkja sjaldnast notuð um orð eða bókstafi, heldur merkingu. Orðin *hundur*, *chien*, *perro* og *dog* eru talin merkja „bókstaflega“ sama fyrirbærið, á meðan *hundur* og *hound*, sem hafa ólík merkingarsvið, en svo til sömu bókstafina, eru ekki „bókstaflega“ eins. Við þekkjum öll sögur um svokallaða falsvini í færeysku og íslensku. Mitt uppáhald er skiltið sem stóð lengi vel á dyrum einum í flughöfninni í Vágum sem á stóð *Bert starfsfólk*; og ég mun ræða hér á eftir um færeyska orðið *bour* og íslenska orðið *bær* sem eru formlega séð sama orðið, en merkingin er önnur. Handbækur um þýðingafraeði verja oft drjúgum pappír í að kenna tilvonandi þýðendum hvernig best sé að varast slíkar ambögur.

Eitt frægasta rit af þessu tagi er *The Theory and Practice of Translation* eftir Eugene Nida og Charles Taber, sem kom út 1969, á þeim tíma þegar vofa málmyndunarfræði, gekk ljósum logum um löndin, enda vísa höfundarnir (1969:484) til hugmynda Chomskys þótt okkur virðist um ólíkar kenningar að ræða nú nær hálfri öld síðar. Þótt frumgerð málmyndunarfræði, með sína einföldu skiptingu í yfirborðsgerð og djúperð og vélrænar ummyndunarreglur eða transformasjónir, sé sem betur fer löngu fallin í ónáð, liggur þýðingarlíkan Nida og Taber til grundvallar mörgu sem kennt er í þýðingafraeði enn þann dag í dag.

1 Hér er átt við svokallaða generatífa málfræði.

Höfundarnir hafna hugmyndinni um beina yfirfærslu frá frumtexta til þýðingar. Þess í stað gera þeir ráð fyrir ummyndunarreglum frá yfirborðsgerð frumtextans niður í það sem þeir kalla djúperð, yfirfærslu milli tungumálanna í djúperðinni, og nýjum ummyndunarreglum upp í yfirborðsgerð hins þýdda texta. Það sem kemur ekki fram í umfjöllun þeirra er forskriftarlegt (preskriptíft) eðli þessa líkans: aðalinntak þess er að koma í veg fyrir færslu á yfirborðinu, og ég leyfi mér að birta hér líkanið þeirra í örlítið breyttri mynd sem sýnir hina bönnuðu yfirfærslu yfirborðsgerðarinnar:



Reyndar er líkanið hugsað fyrst og fremst sem aðferð til að greiða úr setningafræðilegum mismun milli tungumála, en því má beita eins gegn falsvinum: færeyska orðið *bøuryrði* greint í „djúperð“ sem *ræktað land í byggð*, en það myndi tæplega birtast á íslensku sem *bær*.

Það mætti því halda því fram að greining af þessu tagi væri gagnleg þegar um nytjatexta sé að ræða, en í bókmenntalegum þýðingum og sér í lagi ljóðapýðingum er að sjálfsögðu fráleitt að hugsa sér einhverkonar vélræna greiningu textans; það er alkunna að málmyndunarfræðingar forðast eins og heitan eldinn að fjalla um ljóðmál, sem semur sig illa að reglunum. Við skulum taka tvö dæmi úr ljóðum Christians Matras þar sem þýðingar Stefáns og Þorgeirs eru samhljóða:

Tað var fossurin sjálfur

Það var fossinn sjálfur (15)

Ein lógv ... fylgdi honum til gravar

Lóan ... fylgdi honum til grafar (33)

Fráleitt er að hugsa sér að þýðingarferlið í þessum tilfellum feli í sér greiningu í baklæga gerð og endurgerð, og að útkoman af þessu flókna ferli væri svo til óbreytt.

Eins og ég hef áður rætt um (Pétur Knútsson 2004 og væntanlegt), má oft gera ráð fyrir að yfirborðsgerð frumtextans hafi úrslitapýðingu fyrir sjálft þýðingarferlið. Þetta verður sérlega áberandi við þýðingar milli náskyldra tungumála, en skyldleiki tungumála er ekki forsenda; færsla frá einum texta getur alltaf stjórnað af yfirborðsgerðinni, hljóð- eða stafræna forminu, jafnvel þegar tungumálin sem eiga í hlut eru mjög ólík. Með öðrum orðum, hin stafræna formgerð getur verið sviðið þar sem hin eignilega yfirfærsla á sér stað; setningarfræði og merkingarfræði fylgja þá í kjölfraði.

Snúum okkur að þýðingu Þorgeirs Þorgeirsonar á ljóðinu Ein meginmáttur í heimi (11):

Og ein meginmáttur í heimi
nam onkuntíð við meg
Eitt nú eitt kvöldið
undir Múla bø
Tá var mál hansara
livandi kyrra
og skapandi friður
á taraströnd

Og heimsins undrakraftur
einnig snerti við mér
Eitthvert kvöldið hérna
úthjá Múlabænum
Þá lá honum á vörum
lognværð kvik
og kyngipögn
yfir þarafjörum

Hér brýtur Þorgeir freklega gegn líkani Nida og Taber með því að breyta *Múla bœur* í *Múlabær*. Er þetta misþýðing? Hefði hann átt að segja *Múlatún* eða *Múlaengi* eða *Múlarækt* eða *Múlahverfi* eða eitthvað þess háttar? Reyndar kemur ekkert af þessum þýðingum hinum færeyska raunveruleika til skila. Því má spyrja hvort það sé yfirleitt raunhæft að gera þá kröfu að íslenskan nái utan um færeyskan veruleika. Ljóðið verður ávallt að íslensku ljóði. En þýðanda er vandi á höndum: það má ekki líta út eins og hann skilji ekki frumtextann. Þótt *Múlabær* og *Múlatún* séu bæði fráleitir þýðingar – *Múlatún* hljómar eins og götunafn í Reykjavík – er *Múlabær* sýnu verri því það virðist opinbera vankunnáttu þýðandans.

En Þorgeir skeytir lítt um gagnrýni: hann velur það sem honum finnst liprasta þýðingin. Enda má benda á að í kvæðinu Lóan (Ein lógv) á bls. 14 þýðir hann *bø* með orðinu *tún*; ljóst er að hann misskilur ekki orðið *bœur*.

Lítum víðar: kemst þetta litla lipra *eitt nú* í 3. línu til skila? Orðabókapyðingin

'til dæmis, til að mynda' virðist ekki skila sér, og aftur kemur upp sá möguleiki að Þorgeir hafi hreinlega misskilið orðasambandið *eitt nú*, sem er ekki til í íslensku. En *eitt nú* er í raun og veru einföld röktenging milli hugsana, á meðan íslenska orðasambandið *til dæmis* er miklu þyngra og ápreifanlegra, það nefnir á nafn og raungerir hugtakið DÆMI. Röktengingin hjá Þorgeiri kemst fyllilega til skila í litla orðinu *hérna* hjá Þorgeiri, og einnig í breytingunni úr *eitt kvöldið* í *eitthvert kvöldið*: dæmið er nefnt, þótt hugtakið DÆMI komi ekki fram – enda kemur það ekki heldur fram í frumtextanum.

Stefán Karlsson fer aðra leiðir. Fræðimaðurinn er í álögum: ást hans á orðum, á sköpunareinkennum málsins, knýr hann til nánari kynna. Lítum á hans þýðingu:

Og ein meginmáttur í heimi
nam onkuntíð við meg
Eitt nú eitt kvöldið
undir Múla bø
Tá var mál hansara
livandi kyrra
og skapandi friður
á taraströnd

Og eitthvert reginafl
snart mig stundum
Til að mynda eitt kvöldið
fyrir neðan tún í Múla
Þá var mál þess
lifandi kyrrð
og skapandi friður
á þaraströnd

Ég held að flest getum við verið sammála um að þýðing fræðimannsins standi þýðingu skáldsins ekki að baki. Og Stefán leysir þetta vandamál með *bøur* og *bær*: hann notar *tún* – sem er ekki heldur rétt þýðing – en breytir því meistaralega: orðið *tún* eitt sér og án greinis tekur á sig örnefnablæ, staðsetningin gengur upp fullkomlega bæði í íslenskum og færeyskum raunveruleika. Þetta lýsir Stefáni sjálfum sem manni: blátt áfram, hárnákvæmur, og fagaður í senn.

Lítum nú á seinni helming þessa ljóðs í meðförum þeirra Stefáns og Þorgeirs. Hér er strikað undir þegar þýðingin notast við skyld orð:

Christian

Tá var mál hansara
livandi kyrra
og skapandi friður
á taraströnd

Þorgeir

Þá lá honum á vörum
lognværð kvik
og kyngiþögn
yfir þarafjörum

Stefán

Þá var mál þess
lifandi kyrrð
og skapandi friður
á þaraströnd

Í þessum stutta kafla fylgir Stefán frumtextanum orð fyrir orð, á meðan Þorgeir fer aðrar leiðir. En hér er ekki allt sem sýnist. Þorgeir þýðir *livandi kyrra* með *lognvæð kvik*: það er áberandi samhljómur milli orðanna *kyrra* og *kvik* sem helgast ekki af uppruna þeirra. Þessa samhljóms gætir víðar:

meiginmáttur

reginafl (Þorgeir 11; sbr. hér að ofan)

Í morgun eru tær **illbrýntar**
Føroyar

Í morgun voru þær **ygldar á brún**
eyjarnar (Þorgeir 17)

Ein riva í **sinni**

Kvika í **sálinni** (Stefán 39)

ævinleiki

eilífð (báðir 21)

Þessi tegund af samhljómi er að ýmsu leyti þungamiðja doktorsritgerðar minnar (2004), en ég fjalla þar m.a. um íslenskuþýðingu Halldóru B. Björnsson á fornenska kvæðinu *Béowulf* eða Bjólfskviðu, þar sem ýmis konar formgerðaryfirfærsla er áberandi. Ég hef áður kallað þessar samsvaranir *eftirlíkingar* (Pétur Knútsson 1983:231–235), en á ensku *quasi-cognition* (2004:75–76, 228–230).

Það er kominn tími fyrir smá tölfræði. Ef við teljum saman orðin í þýðingum Stefáns og Þorgeirs á ljóðabókinni í heild og reiknum hlutfall skyldra orða og eftirlíkinga, fáum við eftirfarandi myndir.

Þorgeir Þorgeirson



Stefán Karlsson




Hér sést að Þorgeir notar færri skyld orð, en fleiri eftirlíkingar en Stefán. Þá vaknar sú spurning hvort hér sé um einhvern eðlislægan mismun að ræða hjá

skáldum annarsvegar og fræðimönnum hinsvegar. Það vill svo til að ég hef einnig tölur um þessi fyrirbæri hjá Stefáni Einarssyni prófessor, (1897–1972) og Halldóru B. Björnsson skáldi (1907–1968), en þýðing Stefáns á fyrstu 63 línunum í *Bjólfskviðu* eru til í handriti og fróðlegt er að bera hana saman við þýðingu Halldóru.


Bjólfskviða:

Halldóra Björnsson



Bjólfskviða:

Stefán Einarsson



Í samanburði við færeysku dæmin er minna hlutfall skyldra orða hjá báðum þessum þýðendum, en hlutfall eftirlíkinga er sýnu stærra. Nú mætti gera ráð fyrir að hlutfall skyldra orða fari að einhverju leyti eftir skyldleika tungumálanna, og mætti e.t.v. ráða af þessu, að íslenska og færeyska séu skyldari innbyrðis en íslenska og fornenska – sem er engin ný frétt. Athyglisverðari er sú vísbending að notkun eftirlíkinga virðist meiri; og freistandi væri að ætla að skyldleiki tungumálanna hafi hér einnig eitthvað að segja. Varla er þó hægt að fullyrða um þetta, enda ljóst að túlka ber þessar tölur með varúð. Í fyrsta lagi eru úrtökin frekar smá, aðeins um 350 orð hjá Christiani Matras en um 370 í *Bjólfskviðu*. Öllu varhugarverðari er þó aðferðafræðin: hugtökin *skyld* og *óskyld orð* og *eftirlíkingar* ná engan veginn að lýsa þeim flóknu samsvörunum sem textarnir bjóða uppá. Til marks um þetta má benda á að *taraströnd* og *paraströnd* eru skyld á annan hátt en *kyrra* og *kyrrð* (þar sem munur er á viðskeytum); og á sama hátt má segja að orðin *ævinleiki* og *eilífð* séu ekki alls óskyld, því í báðum leynist sama germanska stofninn *aiw-*. Ég hef annars staðar (2004) reynt að beita nákvæmari skilgreiningu á þessum samsvörunum í Bjólfskviðuþýðingu Halldóru B. Björnsson, og reyndust þær torraktar meir en nokkurn skyldi gruna. Engu að síður finnst mér niðurstöðurnar í þessari grein gefa ýmislegt til kynna um afstöðu þýðenda til viðfangsefnis síns: fræðimanninum er annt um málfræðilegu gildin en skáldin róa á dýpri mið.

Þó er athyglisvert að fræðimenn grípa einnig til eftirlíkinga – þeir hafna ekki orðaleikjum þegar vel ber í veiði.

Ef til vill er það þó marktækast í þessum athugunum að þýðingar beggja fræðimannanna, nafnanna Einarssonar og Karlssonar, eru aðeins til í handriti, á meðan þýðingar skáldanna Halldóru og Þorgeirs eru báðar útgefnar á bók.

HEIMILDIR

- Halldóra B. Björnsson. 1983. *Bjólfskviða*. Pétur Knútsson sá um útgáfuna. Fjölvi. Reykjavík.
- Matras, Christian. 1978. *Úr sjón og úr minni: øindi*. Yrkingar. Útgáva yrkjarans. Tórshavn.
- Matras, Christian. 1988. *Séð og munað: ljóðærindi*. Þorgeir Þorgeirson þýddi. Þýðingarútgáfan. Reykjavík.
- Nida, Eugene, and Charles Taber. 1974 (1969). *The Theory and Practice of Translation*. E.J.Brill. Leiden.
- Pétur Knútsson. 1984. Um þýðingu Halldóru B. Björnssonar á Bjólfskviðu. *Skírnir* 158:223–244.
- Pétur Knútsson. 2004. Intimations of the Third Text. An enquiry into intimate translation and tertiary textuality. PhD ritgerð. Det Humanistiske Fakultet, Københavns Universitet.
- Pétur Knútsson. Væntanlegt. The Intimacy of Bjólfskviða. Paul Szarmach and Jana K. Schulman (ritstj.). *Beowulf at Kalamazoo: Essays on Performance and Translation*.
- Stefán Einarsson. [Þýðing á Bjólfskviðu 1–63.] Handrit í handritadeild Háskólabókasafns Landsbókasafns.
- Stefán Karlsson. [Þýðingar á ljóðum Christians Matras.] Handrit í vörslu Steinunnar Stefánsdóttur.

SUMMARY

Traditionally, practical translation theory has concerned itself with problems of translation between widely dissimilar language—a bias which can be traced back to the earliest discussions of translation between the three classical languages, Hebrew, Latin and Greek. Translations between closely related languages or dialects have not been examined for insights into translation theory, but I have sought (Pétur Knútsson 2004) to redress this imbalance with a study of Halldóra Björnsson's Icelandic translation of *Beowulf*. In this paper I discuss two Icelandic translations, by Þorgeir Þorgeirson and Stefán Karlsson, of Christian Matras's Faroese poetry. Both translators retain a large proportion of the original vocabulary (i.e. using Icelandic

forms closely related to the original Faroese), and both also resort to non-cognate but phonetically similar forms which I have termed quasi-cognition (Pétur Knúts­son 2004). Compared to the academic Stefán Karlsson, however, the poet and writer Þorgeir Þorgeirson uses fewer cognate forms but significantly more quasi-cognition. The paper goes on to draw parallels with the poet Halldóra B. Björnsson's *Béowulf* and the academic Stefán Einarsson's translation of the first 63 lines of *Béowulf*, and finds the same disparity: the academic is more faithful to the original vocabulary, and the poet more ready to use quasi-cognition.